

35. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans á Íslandi, um löggilding almennra lagaboða á Íslandi, sem út komu í Danmörku á árunum 1871 og 1872.

1873.
20. maí.

Um leið og vèr vísum til lagatíðindanna dönsku fyrir 1871 og 1872 og mælumst til, að þér, herra landshöfðingi, sem konungsfulltrúi á alþingi berið upp fyrir þinginu, að íhuga, hvort við eigi að löggilda á Íslandi nokkurt af hinum almennu lagaboðum, sem út komin eru á tæðum árum fyrir Danmörk, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að dómsmálastjórninni finnst ekki fyrir sitt leyti vera ástæða til, að leggja neitt af lagaboðum þessum fyrir þingið sem frumvarp, samkvæmt konungsráðgjafi 4. janúar 1861.

36. Bréf dómsmálastjórnarinnar til Deildar hins íslenska bókmentafélags í Kaupmannahöfn, um styrk til að gefa út Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands.

20. maí.

Það skal hérmeð tilkynnt Deild hins íslenska bókmentafélags í Kaupmannahöfn, að stjórnarráðið hefir veitt félaginu 150 rd. styrk til þess að gefa út »Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands,« og að í dag hefir verið hlutast til um, að fè þetta verði greidd fèhirði deildarinnar, Oddgeiri Stephensen, stjórnardeildarforstjóra, úr aðalféhirzlu ríkisins.

37. Konungleg Auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1871. (á Íslenzku og Dönsku).

23. maí.

Vèr Christian hinn Níundi, o. s. frv. sendum Voru trúá alþingi kveðu guðs og Vora!